



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 17. maí 2017

Ákvörðun nr. 19/2017

Samruni Arctic Adventures hf. og Extreme Iceland ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Hinn 3. febrúar sl. var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Arctic Adventures hf. (hér eftir Arctic Adventures) og Extreme Iceland ehf. (hér eftir Extreme Iceland) með bréfi. Með bréfinu barst samrunaskrá sem talin var fullnægjandi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 648/2008 um tilkynning og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum. Um er að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur eftirlitsins nr. 648/2008. Greiðsla samrunagjalds var innt af hendi hinn 3. febrúar sl. Með bréfi dags. 13. febrúar sl. var samrunaaðilum tilkynnt að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, sbr. framangreindar reglur Samkeppniseftirlitsins. Frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga byrjuðu að líða 6. febrúar sl. Hinn 10. mars sl. var samrunaaðilum tilkynnt að samruninn þarfnaðist frekari skoðunar við. Hinn 9. maí barst beiðni um heimild til framkvæmdar samruna meðan hann væri til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu, en ekki kom til þess að taka þá beiðni til meðferðar þar sem ákvörðun liggur nú fyrir.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti, s.s. frá keppinautum samrunaaðila. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í því tilviki sem hér er um að ræða hefur Arctic Adventures keypt allt hlutafé í Extreme Icelandf. Öðlast Arctic Adventures með þeim kaupum yferráð yfir Extreme Iceland.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Arctic Adventures er félag sem var stofnað í lok árs 2016 í þeim tilgangi að leysa Straumhvarf hf. (hér eftir Straumhvarf) af sem móðurfélag samstæðu, en Straumhvarf



gekk áður undir heitinu Arctic Adventures, sem er aðalvörumerki félagsins. Hugverkaréttindi samstæðunnar verða flutt upp í nýja móðurfélagið en reksturinn verður áfram í Straumhvarfi. Önnur dótturfélög Arctic Adventures eru Jöklamenn ehf., Vélsleðaleigan ehf., Arctic Seatours ehf., Scuba Iceland ehf. og Viking Rafting ehf. Þess skal getið að stjórnarmaður í Arctic Adventures á jafnframt sæti í stjórn Ion Hotel ehf. sem starfar á sviði hótela og gistiheimila með veitingaþjónustu. Sami stjórnarmaður er jafnframt eigandi 50% hlutar í Ablos ehf., sem aftur er eigandi 50% hlutar í Ion Hotel ehf.

Straumhvarf hóf starfsemi árið 1983 með sölu flúðasiglinga í Þjórsá og síðar í Hvítá og hefur síðan vaxið með því að auka við starfsemi sína og kaupa smærri aðila sem boðið hafa upp á skipulagðar ferðir á Íslandi. Straumhvarf býður upp á afþreyingar- og ævintýraferðir, einkum fyrir erlenda ferðamenn og starfar þannig á markaði fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Þess skal getið að stjórnarformaður Straumhvarfs á sæti í stjórn Wow air ehf. sem starfar að nokkru leyti við sölu á skipulögðum ferðum sem aðrir aðilar á markaði hafa umsjón með. Til viðbótar skal þess getið að framkvæmdastjóri Straumhvarfs er jafnframt stjórnarformaður í Köfunarþjónustunni ehf.

Jöklamenn ehf. starfa í Skaftafelli og leggur áherslu á jöklagöngur og íshellaferðir á Vatnajökli. Jöklamenn eru í nokkuð sterkri stöðu hvað varðar slíka þjónustu enda ekki margir keppinautar sem sinna sömu þjónustu. Þó ber að nefna að sambærilegar ferðir eru farnar á öðrum jöklum og í tilviki máls þessa er ekki ástæða til að takmarka markaðinn við jöklagöngur og íshellaferðir á Vatnajökli.

Vélsleðaleigan ehf. starfar á Langjökli við að fara með ferðamenn í vélsleðaferðir og jeppaferðir. Vélsleðaleigan er í nokkuð sterkri stöðu hvað varðar slíka þjónustu enda ekki margir keppinautar sem sérhæfa sig í sömu þjónustu. Þó ber að nefna að sambærilegar ferðir eru farnar um allt land og í tilviki máls þessa er ekki ástæða til að takmarka markaðinn við vélsleða- og jeppaferðir á Langjökli.

Arctic Seatours ehf. starfar á Dalvík við að fara með ferðamenn í hvalaskoðun. Nokkur fyrirtæki sinna hvalaskoðunarferðum á Norðurlandi, þ.e. helst á Dalvík og Húsavík. Einnig er hvalaskoðunarferðum sinnt frá Reykjavík og fleiri stöðum. Verður að telja töluverða samkeppni um hvalaskoðunarferðir á Íslandi þó Arctic Seatours hafi sterka stöðu á Dalvík.

Scuba Iceland ehf. býður upp á köfun og köfun með snorku í Silfru á Þingvöllum. Scuba Iceland ehf. á jafnframt 50% hlut í Magmadive ehf. Þá er 50% hlutur í Magmadive í eigu starfsmanns beggja félaga. Starfsemi Magmadive felst, líkt og starfsemi Scuba Iceland, í því að bjóða upp á köfun og köfun með snorku. Vegna sérstöðu Silfru sem köfunarstaðar er líklega möguleiki á að telja köfun í gjánni sem sérstakan markað. Í máli þessu kemur slík markaðsskilgreining ekki til skoðunar vegna eðlis þess, en bent skal á að Scuba Iceland hefur töluvert sterka stöðu sem þjónustuaðili þegar kemur að köfun í Silfru. Það er einnig vert að nefna að töluverðar reglur eru um köfun í Silfru sem settar eru af hálfu Þjóðgarðsins á Þingvöllum, en um hann gilda sérstök lög nr. 47/2004. Þar kemur fram að sérstök nefnd, Þingvallanefnd, setji reglugerð um Þjóðgarðinn, verndun hans og meðferð. Þá setur Samgöngustofa þeim þjónustuaðilum sem bjóða upp á köfun skilyrði. Af áðurgreindu liggur ljóst fyrir að um mjög reglusetta þjónustu er að ræða og má leiða að því líkum að aðgangshindranir að markaðnum séu nokkrar. Þrátt fyrir það er Scuba Iceland veitt samkeppnislegt aðhald af keppinautum sínum sem hefur fjölgað frá árinu 2014, samkvæmt



þeim gögnum sem fyrir liggja hjá Samkeppniseftirlitinu. Í tilviki máls þessa er ekki þörf á frekari umfjöllun um þetta atriði.

Viking Rafting er í 50% eigu Straumhvarfs/Arctic Adventures. Starfsemi þess félags fer fram í Skagafirði og felur í sér að fara með ferðamenn í flúðasiglingar í Austari og Vestari Jökulsám í innanverðum Skagafirði. Starfsemi félagsins fer aðeins fram frá júní til september ár hvert. Eitt fyrirtæki til viðbótar sinnir flúðasiglingum í sömu ám og ætti þannig að veita Viking Rafting samkeppnislegt aðhald. Verður þó að telja í ljósi þess sérstaklega að Viking Rafting verður hluti samstæðu þeirrar sem til verður í framhaldi samruna þess sem hér er fjallað um að staða þess félags geti styrkst enn fremur. Flúðasiglingum er sinnt á fleiri stöðum á Íslandi, t.a.m. í Hvítá, en eins og áður segir hóf Straumhvarf starfsemi sína kringum flúðasiglingar í Hvítá og Þjórsá. Samstæðan mun því hafa afar sterka stöðu þegar kemur að flúðasiglingum á Íslandi.

Extreme Iceland ehf. er alhliða ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi sem þjónustar nánast eingöngu erlenda ferðamenn. Meginþjónusta Extreme Iceland felst í sölu og framkvæmd afþreyingarferða um allt land, ýmist dagsferða eða nokkurra daga skoðunarferða á litlum rútum. Einnig býður Extreme Iceland upp á svokallaðar „Super Jeep“ ferðir og margs konar aðra afþreyingu, svo sem jökulgöngur og hellaferðir. Dótturfélag Extreme Iceland er Viking Car Rental ehf. Það félag endurleigir bílaleigubíla gegnum heimasíðu félagsins gegn sölubókun. Félagið á engar aðrar eignir en heimasíðuna og enginn starfsmaður er þar í fullu starfi. Fjöldmargir aðrir aðilar skipuleggja ferðir fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi og verður að telja að þar sé töluvert samkeppnislegt aðhald.

Aðdragandi samrunans sem fjallað er um í máli þessu er, samkvæmt samrunaskrá, sá að Straumhvarf hafi viljað vaxa á markaði fyrir sölu hvers konar afþreyingarferða. Liður í þeim vexti hafi verið að kaupa smærri aðila á markaði til þess að auka við framboð fyrirtækisins á vöru og þjónustu. Með samrunanum gefist samrunaaðilum tækifæri á að auka við framboð sitt sem og auka hagkvæmni við skipulag þeirra ferða sem seldar eru. Það muni svo aftur auka líkur á að geta boðið neytendum ferðir á lægra verði.

Af ofangreindu má ráða að samrunaaðilar starfa á mörgum sviðum ferðaþjónustu á Íslandi. Má þar sérstaklega halda til haga sterkri stöðu í flúðasiglingum og köfun í Silfru á Þingvöllum. Með samruna þessum styrkja samrunaaðilar enn frekar stöðu sína á markaði fyrir ferðaþjónustu á Íslandi þar sem mögulegt verður, á sama stað, að nálgast margs konar þjónustu fyrir ferðamenn.

III.

Niðurstaða

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar meti það svo að í máli þessu séu til skoðunar bæði heildsölu- og smásölumarkaður í tengslum við skipulagðar ferðir. Fyrirtækin sem um ræði séu fær um að veita víðtæka þjónustu á sviði skipulagðra ferða, óháð lengd þeirra, fjölda þátttakenda eða þeirri afþreyingu sem boðið sé upp á í hverri ferð fyrir sig. Sé þeim, sem og keppinautum þeirra, auðvelt að breyta söluframboði sínu og aðlaga það neytendum hverju sinni. Önnur fyrirtæki sem bjóða upp á víðtæka þjónustu á þessu sviði eru t.d. Eskimos ferða- og viðburðasmiðja ehf., Iceland Travel ehf. sem og fyrirtæki á borð við Guide to Iceland ehf. þar sem hægt er að nálgast þjónustu fjölmargra aðila á einum stað.



Þá ber að nefna fyrirtæki líkt og Kynnisferðir ehf. og Bustravel Iceland ehf. sem bjóða upp á fjölda ferða um landið.

Þá telja samrunaaðilar staðgöngu milli ólíkra ferða, t.a.m. hestaferða, flúðasiglinga, snjósleðaferða og hellaskoðunarferða, svo dæmi séu tekin. Þá telja samrunaaðilar ekki ástæðu til að skipta mörkuðum eftir einstökum ferðum hvað varði tiltekin landsvæði og nærtækt að líta svo á að hinn landfræðilegi markaður málsins sé Ísland allt. Það sé, að mati samrunaaðila, ekki þörf á nánari markaðsskilgreiningum hvað þetta varðar í máli þessu.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telji að ekkert af áðurgreindu eigi við í máli þessu. Segir þar einnig að fjöldi aðila starfi á mörkuðum málsins og samrunaaðilar hafi þar ekki háa markaðshlutdeild.

Samrunaaðilar telja ekki þörf á ítarlegri markaðsskilgreiningum í máli þessu, en bent skal á að samrunaaðilar og dótturfélög sinna mjög víðtækri þjónustu í ferðapjónustu á Íslandi, þó markaðshlutdeild þeirra sé ekki há, en mat samrunaaðila er að markaðshlutdeild þeirra sé vel innan við 10% á markaði fyrir skipulagðar ferðir. Bent er á að aðgengi nýrra aðila að markaði málsins er auðvelt, enda hafi 337 ný ferðapjónustufyrirtæki verið stofnuð á árinu 2015 einvörðungu og fjölgun fyrirtækja í ferðapjónustu verið talsvert hraðari en í öðrum atvinnugreinum. Þá benda samrunaaðilar á að íslensk fyrirtæki eru í beinni samkeppni við erlend fyrirtæki sem selji ferðir og afþreyingu á Íslandi.

Líkt og greint hefur verið frá í ákvörðun þessari starfa samrunaaðilar báðir, auk dótturfélaga, á markaði fyrir ferðapjónustu á Íslandi, nánar til tekið við heildsölu og smásölu á skipulögðum ferðum. Þjónusta og vöruframboð samrunaaðila er allt á sviði ferðapjónustu, þó að einhverju leyti sé um ólíka afþreyingu að ræða.

Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að vera ósammála því mati samrunaaðila að mál þetta taki hvort tveggja til heildsölu- og smásölumarkaðar í tengslum við skipulagðar ferðir á Íslandi. Þá er ljóst að samrunaaðilar eru færir um að veita víðtæka þjónustu og aðlaga sig að neytendum hverju sinni. Samrunaaðilar meta það svo að keppinautum þeirra sé auðvelt að gera slíkt hið sama, en Samkeppniseftirlitið bendir á að keppinautar samrunaaðila eru oft sérhæfð fyrirtæki sem bjóða aðeins upp á eina tegund þjónustu, t.d. köfun í Silfru eða flúðasiglingu í ákveðinni á. Getur Samkeppniseftirlitið því ekki verið sammála því mati samrunaaðila að öllum keppinautum þeirra sé jafnauðvelt og þeim að aðlaga söluframboð sitt neytendum hverju sinni. Sú staðreynd að samrunaaðilar eru færir um þetta gefur þeim sterkari stöðu á heildarmarkaði fyrir ferðapjónustu á Íslandi en margir keppinautar þeirra hafa. Þá hafa samrunaaðilar þá sérstöðu jafnframt miðað við marga keppinauta að bjóða upp á þjónustu við ferðamenn á vegum eigin fyrirtækja.



Samkeppniseftirlitið telur ákveðin rök hníga til þess að mögulegt væri að skipta mörkuðum máls þessa niður í undirmarkaði sem ráðist af því hvers konar ferðir er um að ræða, þ.e. að flúðasiglingar og hellaskoðunarferðir, sem dæmi, væru ekki endilega hluti sama markaðar líkt og samrunaaðilar taka fram í samrunaskrá að sé mat þeirra. Samkeppniseftirlitið telur þó að í máli þessu séu ekki ástæður til þess að setja fram nánari markaðsskilgreiningar en svo að helstu áhrifa samruna þessa gæti í dagsferðum og styttri ferðum fyrir ferðamenn á Íslandi öllu.

Ekki er þörf á því í máli þessu að fara í ítarlegri skilgreiningar á mörkuðum eftir vöru- eða þjónustuframboði samrunaaðila. Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á mörkuðum málsins. Þá mun samruninn ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðahfast vegna þessa samruna, s.s. með íhlutun í formi ógildingar eða setningu skilyrða.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Arctic Adventures hf. á öllum hlutum í Extreme Iceland ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson